



Ákvörðun nr. 12/2022

Rétthafabreyting á símanúmeri

(mál nr. 2022010028)

I.

Erindið

(1) Fjaraskiptastofu (hér eftir FST) barst kvörtun frá [...]¹ (hér eftir kvartandi), ásamt fylgiskjölum, þann 6. janúar 2022. Umkvörtunarefnið var að fjaraskiptafyrirtækið Síminn hf. (hér eftir Síminn) hafi gert rétthafabreytingu á símanúmerinu [...] án samþykkis kvartanda.

(2) Samkvæmt erindi kvartanda var símanúmerið hans persónulega númer. Eftir stofnun [...]², árið 2000, sem hann átti 40% hlut í og var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri, færði hann númerið af sér til fyrirtækisins. Þann 27. desember 2021 var haldinn hluthafafundur í félaginu þar sem kvartandi vék úr stjórn. Fyrir þann fund var kvartandi búinn að færa númerið úr fyrirtækinu á sig persónulega aftur eins og það var í upphafi. Eftir að kvartandi vék úr stjórn félagsins hafi Síminn fært símanúmerið af kvartanda yfir á félagið aftur án samráðs og samþykkis hans.

(3) Jafnframt sagði í erindinu að Síminn vildi meina að við flutning símanúmersins af félaginu á kvartanda hafi ekki legið fyrir samþykki fyrirtækisins. Kvartandi áréttaði því að hann sem starfandi framkvæmdastjóri og stjórnarmaður ákvað þessa ráðstöfun og ætti hún því standa á því umboði sem hann hafði þann dag sem þetta var ákveðið af framkvæmdastjóra og stjórnarmanni félagsins. Ekkert meira ætti að þurfa til við ráðstöfun sem fellur undir hluta af daglegum rekstri félags og er á umboði starfandi framkvæmdastjóra.

(4) Krafðist kvartandi þess að símanúmerið yrði fært af [...] og hann gerður aftur að rétthafa þess.

II.

Bréfaskipti

2.1. Sjónarmið Símans

(5) Með bréfi dags. 19. feb. 2022 kom FST erindi kvartanda á framfæri við Símann. Fjaraskiptafyrirtækinu var gefinn kostur á því að koma skýringum á framfæri og tjá sig um kvörtunina. Frestur var veittur til 4. mars 2022.

¹ Nafn kvartanda felld brott vegna trúnaðar.

² Nafn fyrirtækis felld brott vegna trúnaðar



(6) Með bréfi, dags. 3. mars 2022, bárust athugasemdir Símans. Að mati Símans snerist ágreiningurinn að því hvort að fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins [...] hafi verið eigandi tiltekins símanúmers eða hvort að fyrirtækið hafi verið það. Væri þannig ágreiningurinn milli kvartanda og fyrirtækisins.

(7) Síminn benti á að í kvörtun kæmi fram að kvartandi hefði afsalað af sér farsímanúmerinu yfir til [...] fyrir um tveimur áratugum síðan. Eftir framsalið hafi fyrirtækið verið skráður rétthafi og eigandi númersins. Til þess að færa númerið aftur yfir á kvartanda þarf fyrirtækið að afsala sér númerinu til hans með skriflegu eða rafrænu samþykki, sbr. 10. gr. reglna nr. 617/2010. Kvartandi hefði ekki lagt fram yfirlýsingu eða staðfestingu þess efnis að fyrirtækið hafi afsalað sér númerinu til kvartanda.

(8) Jafnframt sagði Síminn að þó að kvartandi hefði notfært sér númerið persónulega og talið sig vera réttmætan eiganda þess, þá væri fyrirtækið ekki sammála þeirri túlkun. Virtist þannig vera ágreiningur milli kvartanda og [...].

(9) Kvartandi hafði samband símleiðis við Símann 22. desember 2021 og óskaði eftir því að númerið yrði fært yfir á hans persónulegu kennitölu. Kvartandi fékk samband við starfsmann í þjónustuveri sem hafði nýlega hafið störf hjá Símanum. Þar sem að kvartandi var skráður tengiliður ákvað starfsmaðurinn að framkvæma rétthafabreytinguna án þess að fylgja settum verklagsreglum við slíkt ferli og tryggja að rafrænt eða skriflegt samþykki lægi fyrir.

(10) Nokkrum dögum síðar, þann 28. desember 2021, hafði forsvarsmaður [...] samband við Símann og vísaði til þess að rétthafabreytingin hafi átt sér stað án samþykkis fyrirtækisins. Þá var óskað eftir því að númerið yrði fært aftur til [...], enda væri félagið hinn raunverulegi rétthafi. Síminn færði farsímanúmerið aftur á [...] og því vildi kvartandi ekki una.

(11) Í þessu tilfelli hafi Síminn litið til 10. gr. reglna nr. 617/2010 en þar væri kveðið á um að fjarskiptafyrirtækjum væri aðeins heimilt að skrá annan notanda sem rétthafa númers ef rafrænt eða skriflegt samþykki þess rétthafa sem afsalar sér númerinu lægi fyrir. Þá bæri einnig að líta til almennra skilmála Símans en í 5. gr. þeirra kæmi eftirfarandi fram:

Óski viðskiptavinur eftir því að framselja þjónustusamning sinn við Símann til þriðja aðila verður hann að óska eftir því skriflega við Símann, með útfyllingu eyðublaðs fyrir rétthafa- eða greiðendabreytingu, sem aðgengilegt er á vef og í verslunum Símans. Framsal verður þó ekki heimilað af hálfu Símans nema viðskiptavinur hafi staðið skil á öllum ógreiddum gjöldum vegna þjónustunnar fram að þeim degi þegar framsalið er samþykkt. (leturgerð og undirstrikun Símans.)

(12) Í bréfi Símans sagði að það lægi ljóst fyrir að almennt væru gerðar strangar kröfur til þess að samþykki þess sem hyggst afsala sér réttindum lægi fyrir áður en yfirfærsla á réttindum ætti sér stað. Þessari reglu væri einmitt ætlað að auðvelda og tryggja sönnunarfærslu ef upp risi ágreiningur um yfirfærslu framangreindra réttinda.

(13) Síminn tryggði hins vegar ekki að samþykki fyrirtækisins lægi fyrir áður en rétthafabreyting hafi verið gerð. Í því sambandi skipti engu máli hvort að kvartandi hafi verið prókúruhafi félagsins á þeim tíma sem að upprunalega rétthafabreyting átti sér stað. Þá vildi



Síminn einnig áréttar að sú venja hefði skapast hjá fjarskiptafyrirtækinu að tengiliður eða prókúruhafi lögaðila getur ekki einhliða staðfest rétthafabreytingar á númerum á sína eigin kennitölu en slíku verklagi væri einmitt ætlað að koma í veg fyrir svona mál. Síminn benti á að almennt gætu starfsmenn fyrirtækja, þ.m.t. framkvæmdastjórar, ekki fært eignir eða réttindi fyrirtækis yfir á sig persónulega með einhliða ákvörðun.

(14) Staðreyndin væri sú að þegar [...] hafði samband þann 28. des. 2021 leiddi beiðnasaga farsímanúmersins í ljós að skriflegs samþykkis hafi ekki verið aflað áður en að rétthafabreytingin var framkvæmd. Símanum þótti miður að í þessu máli hafi ekki aðeins misfarist að fylgja eigin skilmálum félagsins heldur hafi einnig misfarist að fylgja 10. gr. reglna nr. 617/2010. Á þessum mistökum baðst Síminn afsökunar og tók fram að því miður gætu mannleg mistök komið fyrir, sérstaklega hjá nýju starfsfólki.

(15) Þá sagði í svari Símans að þegar ljóst var að rétthafabreyting númersins var gerð í andstöðu við reglur FST, var Símanum skylt að leiðrétta mistökin. Í því samhengi vísaði Síminn til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 20/2010 en í því máli taldi PFS að Nova hafi brotið gegn 10. gr. reglna nr. 617/2010 þar sem að upplýst samþykki fyrir rétthafabreytingu lá ekki fyrir. Þá vildi Síminn áréttar að ef rétthafabreyting hefði ekki verið bakfærð þá væri að öllum líkindum sambærileg kvörtun á borði FST frá [...].

(16) Að lokum baðst Síminn afsökunar á þeim misskilningi og mistökum sem að hafa átt sér stað í kringum þetta tiltekna mál. Síminn hefði undirstrikað rétt og lögmætt verklag við rétthafabreytingar við allt sitt framlínufólk. Síminn yrði að gangast við því að rétthafabreyting númersins yfir á kvartanda var ekki gerð í samræmi við 10. gr. reglna nr. 617/2010. Síminn gæti hins vegar ekki fallist á að kvartandi yrði aftur gerður að rétthafa símanúmersins. Til þess þyrfti samþykki fyrirtækisins [...].

2.3. Andsvör kvartanda

(17) Með tölvupósti FST var svarbréfi Símans komið á framfæri við kvartanda og honum gefinn kostur á tjá sig um þau sjónarmið sem þar komu fram. Þann 11. mars 2022 bárust stofnuninni athugasemdir kvartanda.

(18) Kvartandi benti á að Síminn teldi að kvörtun kvartanda varðaði einungis ágreining hans við fyrirtækið [...]. Það væri ekki rétt. Hið rétta væri að kvartandi væri að kvarta undan vinnubrögðum Símans í þessu máli. Að Síminn hafi þegar kvartandi, sem væri stofnandi, starfandi stjórnarmaður og framkvæmdarstjóri, flutt símanúmer frá félaginu á hann persónulega með röngum og ólögmætum hætti að því er virtist. Að starfsfólk Símans hafi ekki fylgt lögum og hafi ekki veitt réttar leiðbeiningar við tilfærslu númers frá aðila sem hafði allar heimildir til að færa númerið úr félaginu. Ef Síminn hefði notast við lögmætar og réttar aðferðir væri þetta mál ekki til. Síminn fór ekki að lögum. Síminn notaðist ekki við réttar vinnuaðferðir og af því leiddi að nú væri deilt um hver væri réttmætur eigandi símanúmersins.

(19) Þá sagði kvartandi að Síminn vildi meina að hann hefði afsalað af sér farsímanúmerinu fyrir um tveimur áratugum til [...]. Það væri ekki rétt. Það rétta væri að þegar kvartandi stofnaði fyrirtækið þá færði hann sitt persónulega númer af sér inn í félagið, þar sem hann notaði símanúmerið í þágu fyrirtækisins. Ekkert formlegt „afsal“ hefði farið fram heldur einföld tilfærsla sem þá var ekki eins formlega og nú er orðið með reglum nr. 617/2010. Af því leiddi



að kvartandi hafi aldrei afsalað sér númerinu með formlegum hætti til félagsins [...] Átti því félagið aldrei númerið eða var afsalshafi þess. Síminn hefði einnig vísað til þess að kvartandi hefði ekki lagt fram yfirlýsingu eða staðfestingu þess efnis að fyrirtækið hefði afsalað sér númerinu til hans. Á sama hátt benti kvartandi á að Síminn hefði ekki lagt fram „afsal“ kvartanda frá sér persónulega til [...] Á meðan félagið gæti ekki lagt fram afsal þess efnis að það væri eigandi númersins væri ekki hægt að gera slíkar kröfur gagnvart kvartanda enda væri hann sá sem að fékk númerið í upphafi til persónulegra nota og hefði aldrei afsalað sér því til félagsins né til annars. Kvartandi væri réttmætur og raunverulegur eigandi númersins þrátt fyrir vítaverð mistök Símans í málinu. Að lokum sagði kvartandi að málflytningi Símans væri að öðru leyti hafnað sem röngum og órökstuddum.

2.5. Athugasemdir Símans

(20) Með tölvupósti þann 25. apríl. 2022 var Símanum boðið að tjá sig um athugasemdir kvartanda. Svar Símans barst með bréfi, dags. 26. apríl 2021.

(21) Síminn áréttaði að félagið harmaði þau mistök sem hefðu orðið í umræddu rétthafabreytingarferli. Í fyrri athugasemdum Símans hefði félagið gengist við því að starfsmaður hefði ekki farið eftir settum verklagsreglum og ákvæðum reglna nr. 617/2010. Síminn vildi hins vegar taka fram að kvartanda hafi ekki verið einhliða heimilt að færa númerið yfir á sig persónulega, jafnvel þótt réttu verkferli hefði verið fylgt.

(22) Þá sagði Síminn að svo virtist sem að kvartandi héldi því fram að upprunalega hefði umrætt farsímanúmerið ekki verið rétthafabreytt yfir á [...] og kvartandi væri væntanlega að gefa í skyn að einungis um greiðendabreytingu væri að ræða. Fyrirtækið hefði hins vegar verið skráður rétthafi í kerfum Símans, allt frá því að kvartandi færði það inn í félagið. Það væri því á ábyrgð kvartanda að færa sönnur fyrir því að hann hafi verið raunverulegur rétthafi númersins en ekki [...]. Þá benti Síminn á að fjarskiptafyrirtækjum væri aðeins skylt að varðveita rétthafabreytingar í tvö ár frá móttöku þess eða undirritun, sbr. 2. mgr. 10. gr. reglna nr. 617/2010.

(23) Að öðru leyti vísaði Síminn til fyrri athugasemda og þá sérstaklega ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 20/2010. Fjarskiptafyrirtækið baðst aftur afsökunar á mistökunum og tók m.a. fram að þrátt fyrir þau væri ávallt reynt eftir fremsta megni að sinna þörfum viðskiptavina sinna með réttum og lögmætum hætti en því miður þá gætu því miður mannleg mistök átt sér stað.

III.

Forsendur og niðurstaða

3.1. Lagaumhverfi og lagaskil

(24) Lög um fjarskipti nr. 81/2003 (fjarskiptalög) eru nú fallin úr gildi og ný lög um fjarskipti nr. 70/2022 tóku gildi 1. september síðastliðinn. Þar sem kvörtunin barst Fjarskiptastofu í gildistíð eldri fjarskiptalaga fer um úrlausn málsins samkvæmt eldri lögum. Hið sama á við um reglur nr. 617/2010, um númera og þjónustuflytning í almennum fjarskiptanetum en nýjar reglur nr. 1112/2022 tóku gildi þann 21. sept. sl. og fer því um úrlausn málsins eftir eldri reglum.

(25) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu annast stofnunin stjórnsýslu og framkvæmd á fjarskiptalögum. Leysir stofnunin úr ágreiningi aðila um túlkun og



beitingu fjarskiptalaga. Samkvæmt 17. gr. laganna geta neytendur fjarskiptaþjónustu beint kvörtun til stofnunarinnar ef fjarskiptafyrirtæki brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi.

(26) Þrátt fyrir að ákvæði 17. gr. laganna vísi til þess að stofnunin leysi aðeins úr ágreiningi neytenda við fjarskiptafyrirtæki tekur stofnunin til meðferðar kvartanir um brot á 17. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, óháð því hver á í hlut. Helgast sú framkvæmd af almennu eftirlitsvaldi stofnunarinnar með áðurgildandi lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

3.2 Reglur nr. 617/2010, um númera og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum.

(27) Kveðið er á um réttindi símnotenda til númeraflutnings í 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (alþjónustutilskipunin). Þessi réttur notenda var innleiddur í íslensk lög með 52. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Þar segir í 3. mgr. að Fjarskiptastofa geti sett nánari reglur um númeraflutning og tímasetningar í því sambandi og sker úr ágreiningi um framkvæmd hans. Reglur nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum voru settar með stoð í fyrrgreindri 3. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga.

(28) Í 2. gr. reglna nr. 617/2010 er notandi er skilgreindur sem einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu og rétthafi er skilgreindur sem sá einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefur úthlutað númeri frá fjarskiptafyrirtæki á sitt nafn eða er handhafi óskráðs frelsisnúmers og fer með réttindi og skyldur vegna notkunar þess númers.

(29) Skilgreiningu hugtaksins rétthafi er ekki að finna í fjarskiptalögum. Í ljósi mismunandi framkvæmdar fjarskiptafyrirtækja um samningsgerð og samningssambands um fjarskiptaþjónustu, t.d. hvort með samningi sé hægt að gera annan aðila að greiðanda þjónustunnar, var talið nauðsynlegt að afmarka nánar efnisinntak hugtaksins áskrifandi með því að setja fram skilgreiningu á hugtakinu rétthafi, sem notað væri um meðferð númeraréttinda, t.d. vegna þjónustuflutnings eða breytinga á yferráðum þeirra. Tilgangur skilgreiningarinnar var þannig að taka af allan vafa um hver beri ábyrgð á númeri, bæði réttindum og skyldum sem um þau gilda. Samhliða þessu voru sett skýr efnisákvæði sem taka til samþykkis þjónustuflutnings, rétthafabreytingar og beitingu synjunar þjónustuflutnings sem vanefndarúrræðis, en öll ákvæðin byggja á formlegri aðkomu rétthafa að allri umsýslu þess númers sem hann er skráður fyrir.

(30) Almennt eru gerðar strangar kröfur við yfirfærslu á réttindum sem tilheyra einstaklingum og mikilvægt að formfesta ríki og að ótvírætt samþykki þess, sem hyggst afsala sér réttindum, liggi fyrir áður en yfirfærsla á réttindum á sér stað. Sú hugsun sem býr að baki þessari meginreglu er að auðvelda og tryggja sönnunarfærslu ef upp rís ágreiningur um skipan þessara réttinda. Fyrirnefnd meginregla liggur til grundvallar 10. gr. reglna nr. 617/2010 en samkvæmt henni er fjarskiptafyrirtækjum aðeins heimilt að hefja ferli við númera- og þjónustuflutning þegar skriflegt eða rafrænt samþykki rétthafa símanúmers liggur fyrir sbr. 1. mgr. hennar.



(31) Hið rafræna samþykki má hvort heldur vera með tölvupósti eða SMS skilaboðum úr símanúmeri þess rétthafa sem óskar flutnings. Er ákvæðið orðrétt svohljóðandi:

„Fjarskiptafyrirtæki er ekki heimilt að skrá annan notanda sem rétthafa númers nema rafrænt eða skriflegt samþykki þess rétthafa sem afsalar sér númerinu liggja fyrir. Fjarskiptafyrirtæki skal senda staðfestingu á móttöku rafræns samþykkis frá rétthafa sem afsalar sér númeri, en á pappírformi skal samþykki vera undirritað á sérstöku eyðublaði í tvíriti. Skal fjarskiptafyrirtækið halda einu eintaki eyðublaðsins eftir til varðveislu en senda hitt eintakið til hins nýja rétthafa eða sérstaka skriflega staðfestingu á rétthafabreytingunni, hafi samþykkið verið gefið með rafrænum hætti. Fjarskiptafyrirtæki skal varðveita rafrænt eða skriflegt samþykki um rétthafabreytingu í a.m.k. 2 ár frá móttöku þess eða undirritun. Að þeim tíma liðnum ber notandi númers sönnunarbyrðina um að hann sé rétthafi þess, rísi upp ágreiningur um það.“

3.4. Niðurstaða

(32) Í málinu er deilt um það hver sé réttmætur rétthafi símanúmersins [...] en rétthafi er sá aðili er fer með réttindi og skyldur vegna notkunar númers, sbr. áðurnefndri skilgreiningu reglna nr. 617/2010.

(33) Að beiðni kvartanda færði Síminn umrætt númer af lögaðilanum [...] og yfir á kvartanda. Fjarskiptafyrirtækið leiðrétti þessa færslu þegar því varð ljóst að rétthafabreytingin var gerð í andstöðu við reglur nr. 617/2010, þ.e. að ótvírætt og rekjanlegt samþykki skráðs rétthafa hafi ekki legið fyrir. Síminn færði því númerið af kvartanda aftur á [...]. Krafa kvartanda er að símanúmerið verði fært af [...] og hann gerður aftur að rétthafa þess.

(34) Þegar tekið er mið af þeim gögnum og sjónarmiðum sem fram koma í málinu verður að telja óumdeilt að [...] var skráður rétthafi númersins og hafði verið það í töluverðan tíma. Símanúmerið var hins vegar í umráðum kvartanda og ætla má að hann hafi verið upphaflegur rétthafi þess áður en það var fært inn í félagið.

(35) Að áliti kvartanda var á sínum tíma ekki um formlegt afsal á númerinu að ræða þegar það var flutt inn í fyrirtækið á sínum tíma. Félagið hafi því aldrei átt númerið né verið afsalshafi þess. FST getur ekki fallist á þennan skilning kvartanda, enda hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem gefa til kynna að þessi yfirfærsla farsímanúmersins frá kvartanda til félagsins hafi falið í sér einhverja takmörkun á þeim réttindum og skyldum sem alla jafna fylgja númerum og notkun þeirra. Þá verður að geta þess að á þeim tíma þegar kvartandi færði númerið yfir á [...] höfðu reglur nr. 617/2010 ekki tekið gildi og því ekki fyrir að fara sérstökum reglum um ótvírætt samþykki fyrir réttindayfirfærslu og sönnunarreglur þar að lútandi.

(36) Þegar horft er til þess hvernig var staðið að rétthafabreytingu frá [...] til kvartanda, í lok árs 2021, telur FST að hún hafi ekki uppfyllt skilyrði reglnanna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning þar sem skýrt samþykki, rafrænt eða skriflegt, skráðs rétthafa [...] var ekki til staðar þegar númerið var skráð á kvartanda. Síminn hefur í svörum sínum gengist við því að rétthafabreytingin hafi verið í andstöðu við reglurnar og kvartandi hefur ekki andmælt því að rétthafabreytingin hafi orðið með þeim hætti, þ.e. að beiðni hafi verið gerð með símtali og Síminn hafi orðið við henni.



(37) Vegna mistaka Símans var ekki staðið rétt að rétthafabreytingunni sem að kvartandi óskaði eftir á sínum tíma. Þó að kvartandi hafi verið fyrirsvarsmaður lögaðilans, sem var skráður rétthafi númersins, þá var framkvæmdin ekki í samræmi við reglur nr. 617/2010 né venjubundið verklag Símans sem um er fjallað í 13. mgr. Í því sambandi skal tekið fram að fjarskiptafyrirtækjum er heimilt gera frekari ráðstafanir en þær sem reglur nr. 617/2010 mæla fyrir um, svo að réttmætur skráður rétthafi verði ekki fyrir mögulegu tjóni við réttindayfirfærslu sem að framkvæmdastjórar, prókúruhafar eða aðrir fyrirsvarsmenn óska eftir.

(38) Þar sem að ótvírætt samþykki [...] fyrir rétthafabreytingu, skv. 10. gr. reglna nr. 617/2010 um þjónustu- og númeraflutning, lá ekki fyrir verður ekki komist að annarri niðurstöðu en flutningurinn hafi ekki verið í samræmi við reglurnar og að [...] sé því réttmætur rétthafi símanúmersins [...].

(39) Að framangreindu virtu verður að hafna kröfu kvartanda um að símanúmerið verði fært af [...] og hann gerður að rétthafa þess.

Ákvörðunarorð

- 1. Flutningur á númerinu [...] frá [...] til [...] var ekki í samræmi við 10. gr. reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum.**
- 2. [...] telst vera rétthafi símanúmersins [...].**
- 3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

Fjarskiptastofa, 14. nóvember 2022

Hrafnkell V. Gíslason

Arnar Stefánsson